

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Hæstvirta Allsherjar – og menntamálanefnd Alþingis,

Við hjá Auðnu tæknitorgi kunnum bestu þakkir fyrir beiðni nefndarinnar um umsögn.

Umsögn Auðnu tæknitorgs

til Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélagsi á Íslandi til ársins 2025, 982. mál.

Tillaga 1:

Tengja má betur **1. Aðgerðir sem styðja markmið í háskóla- og vísindastarfi við**

1. Aðgerðir sem styðji við markmið í nýsköpun og hugverkaiðnaði

Þessu má ná fram með því að tiltaka meðal aðgerða að tryggja skuli skipulagða tækniyfirfærslu úr vísindasamfélaginu til atvinnulífsins. Tækni- og þekkingaryfirfærsla er brúin á milli þessarar aðgerða, vísindastarfs og atvinnulífs og er mikilvægur stuðningur við vaxandi nýsköpunarhlutverk háskóla og vísindastarfs og kjarna innviður í vísindalegri nýsköpun. Það er mikilvægt að greiður farvegur sé á milli háskóla- og vísindastarfs og samfélagsins. Auðna tæknitorg er tækniyfirfærslustofa landsins og þjónar öllum háskólum og rannsóknastofnunum á sviði vísindalegrar nýsköpunar samfélaginu og atvinnulífinu til framdráttar. Slíkur farvegur tengir 1. Meginmarkmið í háskóla- og vísindastarfi við 2. Meginmarkmið í nýsköpun og hugverkaiðnaði og Aðgerðir 1. við Aðgerðir 2.

Lagt er til að bæta við eftirfarandi aðgerð til að mynda skýrari samfellu milli markmiða þingsályktunartillögunnar :

1.10. Efling tækni- og þekkingaryfirfærslu milli háskóla- og vísindastarfs og atvinnulífs

Tillaga 2:

Auðna tæknitorg hefur frá stofnun 2018 unnið með öflugum hætti að vitundarvakningu og þjálfun um gildi og mikilvægi hugverkaréttar gagnvart háskólum, heilbrigðisgreinum og frumkvöðlum.

Lögð er til lítilsháttar orðalagsbreyting við grein 3.3.4. þar sem þetta kemur fram

3.3.4. Aukin nýting hugverkaréttinda. "Áhersla verði lögð á aukna hagnýtingu réttindakerfa fyrir vernd hugverkaréttinda með sérstakri áherslu á fjölgun einkaleyfisumsókna tengdum rannsóknum og nýsköpun í atvinnulífinu. Unnið verði að vitundarvakningu um mikilvægi hugverkaréttinda í samstarfi háskóla, **Auðnu tæknitorg** og Hugverkastofu, sem verði m.a. hluti af námi í STEM – og heilbrigðisgreinum."

Virðingarfyllst,



Eina Mäntylä, framkvæmdastjóri Auðna tæknitorg